

Fundur stjórnar Íshokkísambands Íslands

Mánudaginn 7. maí 2024 klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Hilmar Leifsson (HL), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GÍÞ), Ingólfur Elíasson (IE), Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Arnar Sveinsson (AS), Bergur Jónsson (BJ), Olgeir Olgeirsson (OO), Sigrún Agata (SA),

Fundargerð síðasta fundar var birt á Slack svæði stjórnar þar sem stjórnarfolk gat lesið hana yfir og gert athugasemdir. Engar athugasemdir bárust á Slack og ekki heldur við upphaf fundar og var fundargerðin borin undir atkvæði og hún samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóri fór yfir fjármál sambandsins og enn er verið að velja tapi síðasta árs á undan sér. Framkvæmdastjóri hefur óskað eftir 2 milljóna yfirdráttarheimild hjá LÍ. Stjórnarmenn eiga von á ósk um rafræna undirritun frá bankanum, undirritunin er samþykkt fyrir því að framkvæmdastjóri hafi haft heimild stjórnar til að óska eftir yfirdrætti.

HP kynnti fyrir stjórn möguleika að ganga til samstarfs við Símsstöðina sem sérhæfir sig í úthringingum og styrktarsöfnunum. HP og VG falið að fara að hitta fulltrúa frá Símsstöðinni og kanna hvaða möguleikar eru á að nýta sér þjónustu þeirra.

Ákveðið var að formannafundur ÍHÍ verði haldin í íþróttamiðstöðinni í Laugardal, laugardaginn 15 júní 2024 og hefst hann klukkan 10:00.

GÍÞ hefur verið í sambandi við Viktor dómara, upp hefur komið sú hugmynd að Viktor muni verða skráður sem íslenskur dómari hjá IIHF. Í staðin hefðum við aðgang að honum sem varaskeifu þegar erfitt er að manna eða dagskráin þétt. Ákveðið að fulltrúar ÍHÍ á þingi IIHF ræði málið við IIHF og kanni hvaða áhrif þetta hefur á okkur. Upplýst nánar og ákvörðun síðar.

Undir önnur mál.

Framkvæmdastjóri kynnti útreikninga vegna mögulegs mótahalds fyrir U18 kvenna á Akureyri í janúar 2025. Útreikningar sýna að tap yrði á mótahaldinu 4,8 milljónir. Stjórn ákvað að ekki væri mögulegt að svo stöddu að halda mót fyrir norðan nema að til kæmi styrkur og eða kostunaraðili sem brúaði þetta tap. VG falið að upplýsa stjórn SA um niðurstöðuna.

Lítilega var rætt um skipulag landsliðsmála en ákveðið að býða með frekari umræður þar til eftir formanna fund.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.